

MOSFELLINGUR

13. tbl. 7. árg. föstudagur 24. október 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



ÍÞRÓTTAMENN AFTURELDINGAR

Telma Rut Frímannsdóttir og Paul Clapson

Uppskeruhátíð Aftureldingar var haldin í íþróttahúsinu að Varmá þann 4. október. Íþróttamenn Aftureldingar voru valin þau Telma Rut Frímannsdóttir karatekona og Paul Clapson knattspyrnumaður. Telma Rut varð meðal annars Íslandsmeistari í Kumite og hafnaði í öðru sæti á Norðurlandamótinu. Paul Clapson fór fyrir liði Aftureldingar sem tryggði sér á dögnum sæti í 1. deild að ári. Englendingurinn Clapson kom frá Færeyjum fyrir tímabilið og skoraði 18 mörk í deilsinni í sumar.



EIGN VIKUNNAR

Tröllateigur - 3ja herbergja



Mjög falleg 94 fm, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og afgirtum garði í fallegu fjórbylishúsi. Tvö rúmgóð herbergi, eikarparket og flísar eru á gólfum og innréttingar úr eik. Þetta er falleg og vönduð 3ja herbergja íbúð á góðum stað, stutt í skóla, íþróttasvæði, Bónus og miðbæ Mosfellsbæjar.


V 26,5 m.

 **EIGNAMÍÐLUN**
Mosfellsbæ



Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080

Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarisdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök
*Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.*
**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 14. nóv.

Misjafnt gengi

Gengi getur sveiflast upp og niður eins og við öll vitum.

Gengi íþróttafólksins okkar í Aftureldingu hefur þó sjaldan verið betra. Á nýflokinni uppskeruhátíð voru afhentar yfir 150 viðurkenningar fyrir góðan árangur.



Gengi krónunnar hefur reyndar verið betra en akkúrat núna.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Gengið var til góðs á dögnum á vegum Rauða krossins. Safnað var fé til að sameina fjölskyldur á átakasvæðum. Þóttu Mosfellingar standa sig vel og lögðu sitt að mörkum.

Gengið hefur á ýmsu í þjóðfélaginu upp á síðkastið og vil ég benda á grein bæjarstjóra í blaðinu þar sem hann hvetur Mosfellinga til að standa saman á þessum umbrotatímum í þjóðfélaginu. Mikilvægt er að rétta hvort öðru hjálparhönd og styðja náungann. Mosfellsbær hefur opn- að ráðgjafartorg sem ætlað er að nýfast þeim sem eru í erfiðleikum.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Halldór Laxness var upp á sitt besta. Halldór Laxness fæddist 23. apríl 1902 í Reykjavík, sonur hjónanna Sigríðar Halldórsdóttur húsmóður og Guðjóns Helga Helgasonar vegaverkstjóra og bónda í Laxnesi í Mosfellsveit. Frá árinu 1945 átti Halldór fast heimili á Gljúfrasteini í Mosfellsveit. Að frumkvæði Davíðs Oddsonar, þáverandi forsætisráðherra keypti ríkissjóður Gljúfrastein af Auði Laxness, ekkju Halldórs, ásamt innbúi og opnaði þar safn til minningar um skáldið haustið 2004. Halldór Laxness fékk Bókmenntaverðlaun Nóbels 1955, en hlaut margar aðrar viðurkenningar og verðlaun. Eftir hann liggur mikill fjöldi skáldverka og rita af ýmsu tagi auk þýðinga. Halldór Kiljan Laxness lést á Reykjalundi í Mosfellsbæ 8. febrúar 1998, 95 ára að aldri.



Opið hús allir velkomnir

Opið hús verður hjá Kjósarsýsludeild Rauða kross Íslands á miðvikudögum frá 18–22.

Heitt kaffi og kleinur verða á boðstólnum og ókeypis aðgangur að nettengdum tölum.

Opið hús með góðan félagskap fyrir fólk á öllum aldri

Húsnæði Rauða Krossins er í Þverholti 7.



Stúdíóíbúð til leigu

Til leigu er 27 fm stúdíóíbúð með sérinnangi á Hótel Laxnesi í Mosfellsbæ.

Nýmáluð og vinaleg íbúð fyrir þá sem óska eftir kyrrð. Leigist með TV, interneti, ísskáp og fataskáp.

Leigist á 58 þús. m rafmagni/hita og með einn leigumánuð sem tryggingu.
Sími 5668822



PÍLUS

MOSFELLSBÆ

Hársnyrting - verslun

Október tilboð

15% afsláttur veittur
af þjónustu frá kl 9 - 13
vikuna 27. - 31. október.



www.Pilus.is

Þverholti 2 Kjarna Mosfellsbæ S:566 6090



Sr. Ragnheiður sett í embætti

Í guðsþjónustu í Lágafellskirkju þann 12. október var Sr. Ragnheiður Jónsdóttir sett í embætti sóknarprests í Lágafellssókn. Dr. Gunnar Kristjánsson prófastur þjónaði fyrir altari og setti sóknarprest inn í embættið. Að athöfn lokinni bauð sóknarnefnd kirkjugestum til kaffiveitinga í safnaðarheimili Lágafellssóknar. Fram til áramóta mun sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson starfa við hlið Sr. Ragnheiðar. Biskup Íslands hefur auglýst embætti prests laust til umsóknar en tveir prestar munu sem fyrr þjóna Mosfellsprestakalli.



Fermingarbörn safna fyrir kirkjuna

Hin árlega söfnun fermingar-barna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar fer fram 3. og 4. nóvember. Í fermingarfræðslunni hafa þau kynnt sér starf Hjálparstarfs kirkjunnar. Fengið fræðslu um örbirgð í þróunarlöndunum og vítahring fátæktar. Þau hafa séð hvernig peningar frá Íslendingum hafa skilað sér í hjálparstarfi kirkjunnar. Tökum því vel á móti börnunum og gleymum því ekki að milljónir manna búa við búa við verri kjör en við á Íslandi þótt nú kreppi vissulega að. Gjöf þín skiptir máli.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Samstarfshópur stofnana í bæjarfélaginu bregst við ástandinu í landinu

Ráðgjafartorg opnað á vefnum

Vegna sérstakra aðstæðna í þjóðfélaginu hefur Mosfellsbær í samráði við ýmsa aðila í bæjarfélaginu opnað ráðgjafartorg. Markmiðið með ráðgjafartorginu er að samræma þjónustu og auðvelda aðgang að þjónustu og ráðgjöf.

Ráðgjafartorgið er að finna á vef Mosfellsbæjar á slóðinni: www.mos.is/radgjafartorg og er starfrækt af samstarfshópi stofnana í bæjarfélaginu, svo sem Rauða krossinum, kirkjunni og heilsugæslustöðinni, auk Mosfellsbæjar.

Á einum stað verður því hægt að nálgast upplýsingar sem nýttast



þeim sem eiga í erfiðleikum vegna ástandsins í þjóðfélaginu, hvort sem þeir eru af andlegum, félagslegum eða fjárhagslegum toga. Þar eru hlekkir inn á ýmsar síður á vegum fjölda stofnana í þjóðfélaginu þar sem finna má svör við mörgum

þeirra spurninga sem kvikna við þær aðstæður sem nú eru uppi. Þá eru þar upplýsingar um hvert leita megi ef þörf er á aðstoð eða ráðgjöf.

Þá mun starfsfólk þjónustuvers Mosfellsbæjar leggja sig fram, sem endranær, við að aðstoða fólk.



Óhefðbundið bekkjarkvöld

Það sannaðist að stærðfræðin er skemmtileg þegar nemendur í 2. ÁH og foreldrar þeirra komu saman í stærðfræðistofu skólans og áttu góða og skemmtilega stund saman í Varmáarskóla.




Nýtt og sérlega vandað hringtorg

Nýtt hringtorg hefur verið útbúið á Hafravatnsvegi við Teiga/Krikahverfi, sem eykur umferðaröryggi gangandi og akandi vegfarenda. Framkvæmdin hefur vakið sérstaka athygli fyrir vandaðan frágang. Eftir er að byggja varnaregg að undirgöngum og hljóðmön vegna íbúðarhúsa. Framkvæmdin kostar um 130 millj. króna, Mosfellsbær með ca. 25% og Vegagerðin með ca. 75% - Verktaki er Ásberg ehf, sem hefur aðsetur að Völuteigi í Mosfellsbæ.


Yfirumsjón með framkvæmdum hefur Tækni- og umhverfissvið Mosfellsbæjar.

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BADHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI


Steinteppi & epoxy gólfefni



ARININN



ELDHÚSIÐ



VINNUSTAÐURINN



SteinTeppi.is

Sími 864 6600

www.steinteppi.is | steinteppi@steinteppi.is

Helgihald næstu vikur:

26. október

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11.

Árleg guðsþjónusta Kvenfélags Lágafellssóknar Sr. Ragnheiður Jónsdóttir

2. nóvember

Allra heilagra messa Guðþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson

Kyrrðarstund í Lágafellskirkju kl. 20.

Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson

9. nóvember

Kristniboðsdagurinn Taize guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 20. Unglingar úr æskulýðsstarfinu aðstoða. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson



SÓKN Í SÓKN
– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!



Þórdís og Anita



Við erum VÍS í þinni heimabyggð

Viðskiptavinir VÍS þurfa ekki að leita út fyrir bæjarmörkin til að fá afbragðs þjónustu. Á þjónustuskrifstofu VÍS í Þverholti 2 (Kjarnanum) færðu alla tryggingaþjónustu sem völ er á, góðar tryggingar og frábæra tryggingaráðgjöf. Verið hjartanlega velkomin.

Opið frá 8:30-16:30
Sími 560 5005

Vátryggingafélag Íslands vis.is



Þar sem tryggingar
snúast um fólk



Lágafellsskóli verðlaunaður

Lágafellsskóli hlaut á dögunum viðurkenningu frá Alþjóðaskrifstofu háskólasviðsins fyrir þátttöku í svokölluðu eTwinning verkefni, sem er rafrænt evrópskt skólasamstarf innan menntaáætlunar Evrópusambandsins. Lágafellsskóli lenti í öðru sæti í flokki grunnskóla og hlaut að launum Olympus stafræna myndavél að gjöf. Fulltrúar skólans í keppninni voru þær Arndís Hilmarsdóttir og Helga Sigurjónsdóttir en þær unnu verkefnið „@ni & m@te“ með 3. bekk á síðasta skólaári.



Minningardagur í Lágafellskirkju

Fyrsti sunnudagur í nóvember er kallaður „Allra heilagra messa“ og hefur skapast hefð fyrir því innan kirkjunnar að minnast þeirra sem látnir eru sérstaklega þennan dag. Minningardagur látinna getur hjálpað þeim sem syrgja við að varðveita og halda á lofti minningu látinna ástvina þegar í hönd fer sá tími sem oftast er hvað erfiðastur í sorgarferli hvers einstaklings. Á allra heilagra messu 2. nóvember verður kyrrðarstund í Lágafellskirkju kl. 20 þar sem aðstandendur geta komið og heiðrað minningu látinna ástvina.

ELDRI BORGARAR



Forseti Íslands tók þátt í landssöfnuninni „Göngum til góðs“ í Mosfellsbæ

Sjálfboðaliðar gengu til góðs

Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson heiðraði Mosfelllinga með nærveru sinni þann 4. október þegar hann heimsótti Kjósarsýsludeild Rauða krossins í Þverholti.

Þá fór fram landssöfnunin „göngum til góðs“ þar sem sjálfboðaliðar gengu í hús með söfnunarbauka. Gengið var í nær allar götur bæjarins auk Kjalarnes og Kjós. Forsetinn stóð vaktina í Kjarna með söfnunarbauk eftir heimsókn sína í söfnunarstöðina í Þverholti.

Söfnunarfólki vel tekið

Söfnunarféð rennur óskert til verkefnis Rauða krossins um sameiningu fjölskyldna á átaksvæðum. Það var samdóma álit þeirra er gengu í hús að þeim hafi verið afar vel tekið og vill Kjósardeild koma á framfæri þakklæti til þeirra sem tóku þátt.

Framundan hjá Kjósarsýsludeild eru opin hús þar sem boðið verður



Forsetinn í Þverholtinu. Ása Jakobsdóttir, Kristján Sturluson, Anna Stefánsdóttir, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Jóhannes Baldur Guðmundsson og Inga Rósa Gústafsdóttir.

uppá kaffi og kleinur, frían aðgang að nettengdum tölvum og góðan félagskap. Ungmennastarf deildarinnar er mikið og brátt hefjast námskeið í

skyndihjálp og sálrænum stuðningi. Hægt er að kynna sér starfið á www.redcross.is

Bærinn vel í stakk búinn til að takast á við erfiðleika

Þingmenn í heimsókn

Þingmenn suðvesturkjördæmis sóttu Mosfellsbæ heim síðastliðinn mánudag og hélt Haraldur Sverrisson bæjarstjóri kynningu þar sem áhersla var lögð á að gera grein fyrir stöðu Mosfellsbæjar í ljósi erfiðleika í efnahagslífi þjóðarinnar sem nú dynja yfir. Auk þess var rætt um nýjan framhaldsskóla, Krikaskóla, vegamál og málefni aldraðra og fatlaðra.

Þá kom fram að Mosfellsbær standi vel miðað við mörg önnur sveitarfélög en ljóst er að ástandið muni hafa áhrif á reksturinn.

Ekki stendur til að hækka gjaldskrár á þessu ári fyrir þá þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á þrátt fyrir mikla verðbólgu og annan kostnaðarauka sveitarfélagsins.

Gera má ráð fyrir 200-300 milljóna króna halla á rekstri Mosfellsbæjar á næsta ári. Í kynningunni kom fram að Mosfellsbær mun



halda áfram með þær framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins sem þegar eru hafnar en ekki ráðast í nýjar framkvæmdir fyrr en fjármögnun þeirra er tryggð. Kynninguna má nálgast á vef Mosfellsbæjar, mos.is



Tímamótafundur bæjarráðs

Þann 2. október hélt bæjarráð Mosfellsbæjar sinn 900. fund. Fundinn sátu Herdís Sigurjónsdóttir, Karl Tómasson, Jónas Sigurðsson, Marteinn Magnússon, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Stefán Ómar Jónsson bæjarritari. Fyrsti fundur bæjarráðs var haldinn á skrifstofu bæjarstjóra í Hlégarði miðviku-daginn 12. ágúst 1987.

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT 14. NÓV
SKILAFRESTUR EFNIS 10. NÓV

Munið gönguna frá Hlaðhömrum kl. 11.30 á þriðjudögum og föstudögum

Enn er hægt að komast að á þessi námskeið:

Bókband sem er kl.13 á þriðjudögum
Línudans kl. 17

á mánudögum
Tréskurður er kl. 12.30 á fimmtudögum
Leikfimi er á mánudögum kl. 14.10.

ATH: Allir þessir tímar fara fram í kjallara Hlaðhamra. Uppl. og skráningar eru á skrifstofu félagsstarfsins og í síma 5868014 kl. 13-16.



MOSFELLSBÆR

Ráðgjafartorg Mosfellsbæjar

Mosfellsbær hefur myndað samstarfshóp í samstarfi við ýmsa aðila í bæjarfélaginu sem meðal annars hefur sett á fót Ráðgjafartorg vegna þeirra erfiðu aðstæðna sem skapast hafa í efnahagslífi þjóðarinnar. Upplýsingar á Ráðgjafartorgi eru vistaðar undir slóðinni **www.mos.is/radgjafartorg**.



Markmiðið er að samræma þjónustu og vauðvelða aðgang að þjónustu og ráðgjöf sem stendur Mosfellingum til boða. Ráðgjafartorgið er starfrækt af samstarfshópi stofnana í bæjarfélaginu, svo sem Mosfellsbæ, Rauða krossinum, kirkjunni og heilsugæslustöðinni auk annarra félagasamtaka.

Á Ráðgjafartorgi eru teknar saman ýmsar upplýsingar sem gagnast geta þeim sem telja sig þurfa aðstoð vegna þeirra erfiðleika sem þjóðin glímir nú við. Þar eru hlekkir inn á ýmsar

síður á vegum fjölda stofnana í þjóðfélaginu þar sem finna má svör við mörgum þeirra spurninga sem kvikna við þær aðstæður sem nú eru uppi. Þá eru þar upplýsingar um hvert leita megir ef þörf er á aðstoð eða ráðgjöf.

Á Ráðgjafartorgi eru meðal annars auglýstir viðburðir í Mosfellsbæ á vegum samstarfsaðila og annarra félagasamtaka. Hægt er að koma ábendingum og upplýsingum sem eiga erindi á Ráðgjafartorg á framfæri í gegnum netfangið mos@mos.is.



Stefnir á mastersnám í tónlist

Greta Salóme Stefánsdóttir fiðluleikari byrjaði að læra á fiðlu fimm ára og hefur spilað víða um heim þrátt fyrir ungan aldur.

Við fyrstu sýn virkar Greta Salóme róleg og yfirveguð, en þó er greinilegt að undir rólegu yfirborðinu býr mikill metnaður og kraftur. Það má með sannri segja að tónlistin taki allan hennar tíma en annríkið helst í hendur við mikla velgengni. Hún temur sér jákvæðni og glaðværð og á sér fallega drauma um framtíðina.

„Ég hóf nám á fiðlu í Tónlistarskóla íslenska Suzukisambandsins þegar ég var fimm ára gömul,“ segir Greta Salóme er ég tók hana tali. „Þegar ég var svo á ellefta ári þá hóf ég nám hjá Lilju Hjaltdóttur í Allegro Suzukiskólanum og hún hafði mikil og góð áhrif á mig. Á þessum árum ferðaðist ég til Svíþjóðar og Eistlands til að taka þátt í samnorraenum tónlistarverkefnum. Þetta voru einstaklega skemmtileg verkefni og eftirminnilegar ferðir.“

Samnorraent verkefni

„Samhliða námi mínu í Varmárskóla hóf ég nám í Tónlistarskóla Reykjavíkur hjá Auði Hafsteinsdóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur konsertmeistara.

Þegar ég hugsa til baka um uppvaxtarárin þá var þetta mjög skemmtilegur tími, það var yndislegt að alast upp í Mosfellsbæ. Allir vinirnir bjuggu svo nálægt manni og það er ómetanlegt að búa í svo mikilli nálægð við náttúruna.

Vorið 2002 útskrifaðist ég úr Varmárskóla og á sama tíma komst ég inn í símfóníuhljómsveitina Orkester Norden,“ segir Greta. „Þessi hljómsveit er samnorraent verkefni og er fyrir ungt fólk á Norðurlöndum. Um sumarið spilaði ég með hljómsveit-



MOSFELLINGURINN



Fyrstu skrefin í tónlistinni. Í miðjunni má sjá framúrskarandi nemendur úr Listaháskóla Íslands þau Gretu Salóme Stefánsdóttur, Hákon Bjarnason, Pál Palomares og Þorvald Kristinn Þorvaldsson taka á móti styrk úr styrktarsjóði Halldórs Hansen.

inni og við ferðuðumst til Danmerkur, Svíþjóðar og Kína. Einnig lékum við á 50 ára afmæli Norðurlandaráðs í Helsinki sama ár.

Frá sextán ára aldri hef ég verið mikið í Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu og hef bæði spilað þar og sungið. Þar hef ég kynnst mörgu hæfileikaríku fólki og við höfum verið undir tónlistarstjórn Óskars Einarssonar sem hefur reynst mér afskaplega vel í gegnum árin.“

Menntaskólaárin eftirminnileg

„Ég byrjaði í Menntaskólanum í Reykjavík haustið 2002 og stundaði námið í Tónlistarskóla Reykjavíkur samhliða því. Menntaskólaárin voru skemmtileg en erfið ár þar sem það gat verið strembið að vera í tveimur skólum en ég fékk góða hjálp að heiman. Haustið 2005 byrjaði ég svo í Listaháskóla Íslands og var þar við nám samhliða síðustu tveimur árunum í MR, en ég útskrifaðist þaðan vorið 2006.“

Þrjár milljónir í styrk

„Sumarið 2006 fór ég til Ítalíu á alþjóðlegt tónlistarnámskeið sem heitir Schlern International Music Festival. Þar lærði ég hjá Róuta Kroumouvitche sem lærði hjá David Oistrach sem var einn frægasti fiðluleikari síðustu aldar. Róuta hvatti mig til þess að sækja um í mjög virtum einkaskóla á Flórída sem heitir Stetson University en hún starfar einnig við þann skóla. Ég hugsaði málið vandlega en fannst ég ekki geta gert það strax þar sem ég átti eftir tvö ár í Listaháskólanum. Ég ákvað

að nota fyrra árið í að klára flest það sem ég átti eftir og sækja svo um í skólanum á Flórída. Ég tók inntökuþróf vorið 2007 og komst inn. Ég hlaut styrk sem kallast William E. Duckwitch talent scholarship. Þetta er fullur styrkur upp á þrjár milljónir króna og dekkar nám, húsnæði og fæði, þetta var því vel þeginn styrkur“ segir Greta Salóme brosandí.

„Áður en ég hóf nám í Stetson komst ég inn á Texas Music Festival sem er alþjóðlegt tónlistarnámskeið fyrir unga hljóðfæraleikara. Nemendum á námskeiðinu gefst tækifæri til að taka þátt í keppni sem nefnist Cynthia Woods Mitchell yong artist competition og ég lenti þar í öðru sæti.“

Útskrifaðist með B.A. gráðu

„Mér leið vel í skólanum á Flórída. Ég bjó á heimavistinni innan um fólk frá hinum ýmsu þjóðlöndum og var konsertmeistari í símfóníuhljómsveit skólans.

Ég flutti heim í apríl 2008 og hélt útskriftartónleikana 15. maí og útskrifaðist með B.A. gráðu í hljóðfæraleik frá Listaháskólanum. Það hefur verið mér ómetanlegt hvað Mosfellsbær hefur staðið vel við bakið á mér. Ég hef þrisvar sinnum hlotið styrk frá bæjarfélaginu til að iðka tónlistina og ég er mjög þakklát fyrir það.“

Lærir upptökutækni

„Núna í haust hóf ég störf hjá Símfóníuhljómsveit Íslands og er þar í hálfri stöðu, einnig er ég að spila í hljómsveit Íslensku Óperunnar. Ég hef alltaf haft gaman af að spila meira en klassíska tónlist og er að gera mína eigin tónlist líka. Þess vegna ákvað ég að fara í Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna að læra upptökutækni. Ég stefni svo á áframhaldandi nám og gæti vel hugsað mér að fara til Bandaríkjanna í mastersnám í tónlist en tíminn einn leiðir það í ljós.“

Líkamsrækt er ómissandi

Greta Salóme er fædd 11. nóvember 1986. Hún er dóttir Kristínar Lillíendahl aðjúnkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Stefáns Pálssonar byggingarmeistara. Hún á eina systur, Sunnu Rán, sem er nýútskrifuð úr Kvinnaskólanum í Reykjavík en leggur nú stund á stílistanám. Heimilishundurinn er í miklu uppáhaldi en hún heitir Móa. En skildi Greta hafa tíma fyrir eitthvað annað en að æfa sig á fiðluna? „Já, ég hef mjög gaman að öllu því sem tengist líkamsrækt og hreyfingu og er að æfa Boot Camp núna. Þann 8. nóvember n.k. ætla ég að taka þátt í Þrekmeistararnum þannig að það verður strembinn undirbúningur framundan segir þessi lífsglaða stúlka að lokum, sem lætur ekkert aftra sér.“

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni



Fjölskyldan í Bjargartanganum: Kristín, Greta Salóme, Sunna Rán og Stefán.

Námskeið í sálrænum stuðningi

Kjósarsýsludeild Rauða kross Íslands heldur námskeið í sálrænum stuðningi, námskeiðið verður haldið í húsnæði Kjósarsýsludeildar að Þverholti 7, Mosfellsbæ.

**Námskeiðið verður haldið mánudaginn
3. nóvember kl. 18-21 og er aðgangur ókeypis.**

Á námskeiðinu fræðast þátttakendur um gildi sálræns stuðnings í aðstæðum sem geta valdið áföllum. Þátttakendur læra að gera sér betur grein fyrir eðlilegum viðbrögðum fólks sem lendir í sársaukafullum aðstæðum og hvernig þeir geti veitt stuðning og umhyggju. Viðfangsefni eru meðal annars: Mismunandi tegundir áfalla, áhrif alvarlegra atvika á einstaklinginn, sálræn skyndihjálp, stuðningur við úrvinnslu alvarlegs atviks, sorg og sorgarferli. Leiðbeinandi er Elín Jónsdóttir, sálfræðingur.

Skráning og frekari upplýsingar fást í síma 898 6065
eða með tölvupósti á kjosarsysla@redcross.is



Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



**Sá flottasti
í bænum**

**Ökukennsla
Gylfa Guðjónssonar
Sími: 696 0042**



Karin Mattson
sjúkráþjálfari b.sc.

Hefur hafið störf
hjá Heilsuefingu
Mosfellsbæjar,
Urðarholti 4.

Tímáptantanir í síma 578-5080

Tökum að okkur alla
almenna jarðvinnu og
yfirborðsfrógang.



JARÐMÓTUN EHF.

Flugumýri 184, 270 Mosfellsbæ 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkomnustu grindarréttinga- og
mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést
að vel er hönnuð iðjan
og nýja tækni nýtir best
Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbæ
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

ÞAD
SEM
TIL
PARF



VGH

MOSFELLSBÆ

Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279



**Fylgst er sérstaklega með
lausagöngu hunda og
þeir hundar fjarlægðir
sem nást lausir á
almannafæri.**

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

www.mos.is MOSFELLSBÆ

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á
samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogregrul)

4.gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi
í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir
hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Einar Páll
Kjærnested
lökk. faste.sali



Þorleifur St.
Guðmundsson
lökk. faste.sali



Egilína S.
Guðgeirsdóttir



Hildur
Ólafsdóttir



Stella Hrönn
Ólafsdóttir



Inga María
Ottósdóttir
lökk. faste.sali



Svanþór
Einarsson



Leirvogstunga - Hagstæð

Nýtt og vandað 198 fm einbýli með innb. 34 fm bílskúr á góðum stað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsið er vel skipulagt, 4 svefnherb, stofa, eldhús, þvottahús og tvö baðherb. Húsið er með fullbúinni lýsingu frá Lumex, málað að innan og tilbúið til innréttinga og án gólfefna, þó eru flísar á bílskúr og þvottahúsi. **Skipti möguleg á ódýrari eign! Hagstæð kaup! V. 39,9 m.**



Hjarðarland - fallett parhús

Mjög glæsilegt 203,9 fm parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni. Á jarðhæð er forstofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Á efri hæð er stór og glæsileg stofa, sjónvarpshol, svefnherbergi og stórt eldhús m/borðkrók. Fallett aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og hellulagt bílplan. **Seljandi skoðar skipti á minni eign!**

V. 46,8 m.



Langitangi - fallett einbýli

Mjög fallett 171 fm einbýlishús með sambygg. bílskúr. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flísum og granítborðplötu. Vönduð tæki, stálitaður blástursofn í borðhæð, keramik helluborð, uppþvottavél og ísskápur/frystiskápur. Baðherbergi nýlega endurnýjað, fjögur svefnherb, stór stofa og borðstofa með arni og timburverönd og skjólgóður garður. **Skipti möguleg! Laust til afhendingar strax! Óskað er eftir tilboði í eignina.**



Hlíðarás - fallett parhús

Fallett 163,4 fm parhús á 2 hæðum með innbyggðum 27,8 fm bílskúr með fallettu útsýni. Húsið er allt mjög vandað og stendur á fallettum útsýnisstað. Á neðri hæðinni er forstofa, þvottahús, forstofuherbergi/sjónvarpshol og innbyggður bílskúr. Á efri hæðinni eru 3 svefnherbergi, stór stofa, baðherbergi og eldhús. Stórar svalir eru út af stofunni.

V. 44,9 m.




Svöluhöfði - 209 fm

Fallett og vel skipulagt einbýlishús með fimm svefnherbergjum, fallett eldhús með vönduðum tækjum, stofa, borðstofa, þvottahús, gestasalerni, baðherbergi með sturtu og baðkari og bílskúr með geymslu. Garður með timburveröndum. **Tilvalin eign fyrir stóra fjölskyldu! V. 59,0 m.**



Bjartahlíð - Glæsilegt

Sérlega glæsilegt og mikið endurnýjað 112,6 fm raðhús með innbyggðum bílskúr við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, hol, tvö herbergi, fallett eldhús, bjarta borðstofu og stofu, glæsilegt baðherbergi með sturtu og nuddbaðkari og 22,8 fm bílskúr með góðu geymslulofti. **Seljandi skoðar skipti á minni eign! V. 37,8 m.**



Akurholt - 300 fm einbýli

Tvílyft 300 fm einbýlishús sem er með möguleika á aukaíbúð í kjallara. Á efri hæðinni er forstofa, hol, stórar stofur, tvö herbergi, fataherbergi (snyrtung) og baðherbergi. Á neðri hæðinni er forstofa, hol, þvottahús, tvö til þrjú herbergi, eldhús, annað þvottahús og geymsla. Stór og fallett lóð. Eign sem hefur ymsa möguleika.

V. 65 m.



Laxatunga - 181,5 fm

Fallett 181,5 fm raðhús með innbyggðum 26,5 fm bílskúr og geymslu á fallettum útsýnisstað. Samkvæmt teikningum er gert ráð fyrir að íbúðin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, 2 barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi, gestasalerni og þvottahús. **Húsið er tilbúið til afhendingar strax. V. 43,5 m.**



Lindarbyggð - Lækkað verð

Mjög snyrtilegt 177,1 fm parhús með bílskúli við Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi. Þetta er fallett og skemmtilega hannað parhús, teiknað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Húsið stendur í lokuðum botnlanga í mjög fallettri götu. **Asett verð kr. 44,7 m. En vegna sérstakra aðstæðna fæst eignin á kr. 39,9 m.**



Grenibbyggð - raðhús

Glæsilegt 164 fm endaraðhús á tveimur hæðum, auk rísherbis sem ekki kemur fram í fm tölu hússins. Á jarðhæð er eldhús, stór stofa, sólstofa, þvottahús og salerni, á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og fallett baðherbergi og í rísi er stórt herbergi. Stórt hellulagt bílplan fyrir framan bílskúr og mjög skjólgóður suðvesturgarður bakatil.


V. 41,9 m.



Fálkahöfði - fallett parhús

Mjög fallett 132,6 fm 4ra herb., einlyft parhús með innb. 27,2 fm bílskúr. Húsið skiptist í forstofu, þvh., baðh. með kari og sturtu, hol, gang, tvö góð barnah., hjónah., stofu, borðstofu, eldhús og bílskúr með millilofti. Húsið stendur innst í botnlanga á fallettri og gróinni lóð.

V. 39,9 m.



Spóahöfði - sérhæð- útsýni

Mjög fallett 208,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr í útjaðri byggðar. Hús teiknað af Kjartani Sveinssyni. Fjögur svefnherbergi. Sérsmíðaðar innréttingar, vönduð eldhústæki. Náttúrasteinn og parket á gólfum. Glæsilegt útsýni er yfir golfvöllinn, niður að Leirvoginum og út á Faxaflóa og til Esjunar. Mjög stórar verandir eru í kringum húsið. Heitur pottur. **Frábær staðsetning. V. 63,9 m.**



Hjallahlíð - 4ra herb.

Glæsileg 117,4 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð ásamt 24,1 fm bílskúr við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, þrjú góð herbergi, baðherbergi með baðkari og sturtu, rúmgott eldhús með fallegri innréttingu, bjarta stofu og fullbúinn bílskúr. Falleg eign á toppstað.

V. 34,9 m.



Skeljatangi - 3ja herbergja

3ja herbergja 84,2 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, tvö herbergi, geymslu, baðherbergi, eldhús, stofu og kalda útgeymslu. Sameiginlegur garður er snyrtilegur, afgirtur og gönguleið að húsi er hellulögð.

V. 23,5 m.



Þrastarhöfði - 4ra herb.

Falleg og björt 109,4 fm 4ra herb. endaíbúð með glæsilegu útsýni á efstu hæð í nýju 3ja hæða fjölþýli, ásamt bílastæði í bílajakjallara. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Frábær staðsetning stutt í skóla, leikskóla, golf og sund.

V. 32,9 m



Bjartahlíð - 3ja herb. jarðh.

Rúmgóð og björt 104,2 fm, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð með sérgarði í 3ja hæða fjölþýli við Björtahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, gott þvottahús/geymslu, eldhús með borðkrók, baðherbergi með sturtu og kari, tvö rúmgóð herbergi, stofu og borðstofu. Mjög stutt er í leikskóla, grunnskóla, sundlaug og World Class.

V. 24,8 m.



Klapparhlíð - 4-5 herb.

112,6 fm endaíbúð á 2. hæð í fjölþýli með opnum stigagangi. Íbúðin er teiknuð sem 5 herbergja, en er í dag 4ra herbergja, hægt að breyta aftur. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stofa og gangur með merbau parketi, flísar á baði og þvottahúsi og korkflísar á forstofu og eldhúsi. **Eignin er laus til afhendingar.**

V. 29,5 m.



Arnartangi - Raðhús

Vel staðsett 4ra herbergja, 94 fm raðhús á einni hæð ásamt bílskúr við Arnartanga. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, lokað eldhús, baðherbergi og stóra stofu. Skjalgóður garður í suður með timburverönd. Falleg aðkoma er að húsinu, hellulagt bílapian með snjóbræðslu.

V. 29,5 m.



Skeljatangi - 4ra herbergja

Falleg og vel skipulögð 94,2 fm 4ra herbergja íbúð á 2. hæð með sérinngangi og svölum í fjórþýli við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Falleg íbúð sem skiptist í forstofu, gang, hjónaherbergi, tvö góð barnaherbergi, þvottahús, baðherbergi, stofu, eldhús og gott geymsluloft.

V. 26,9 m.



Hjallahlíð - 2 herb.

Rúmgóð 64,1 fm, 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölþýli með sérinngangi og stórra verönd í suður. Íbúðin skiptist í forstofu, gang, rúmgott svefnherbergi, góða geymslu (sem hægt er að nota sem leikherb. eða tölvuherb.), baðherbergi, þvottahús, stofu og eldhús með borðkrók.

V. 19,9 m.



Klapparhlíð - 5 herbergja

Falleg 112,6 fm, 5 herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu þriggja hæða fjölþýli við Klapparhlíð 28 í Mosfellsbæ. Góð stofa, eldhús með borðkrók, baðherbergi m/sturtu, sér þvottahús, 4 svefnherbergi og geymsla. Mahony innréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergjum. Frábær staður stutt í Lágafellsskólasmvæðið. Flott útsýni til suðurs og austurs. **Lækkað verð!**

V. 28,7 m.



Skuggabakki - Hesthús

Til sölu 54,7 fm hesthús við Skuggabakka í Mosfellsbæ. Möguleiki er á að vera með 10 hesta í húsinu. Gott gerði er fyrir framan húsið. Rýmið skiptist í 5 rúmgóðar 2ja hestastíur og eina eins hestastíu, kaffistofu, hlöðu og stórt gerði. Stíurnar eru safnstíur sem hægt er að moka daglega og hafa mottur. Góð aðstaða er til útreiða og mikil uppbygging framundan hjá hestamannafélaginu Herði

V. 10,6 m.



Fálkahöfði - m/bílskúr

121,9 fm, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi og sérgarði ásamt 29,2 fm bílskúr í góðu fjölþýlishúsi. Íbúðin er björt og rúmgóð með stórum herbergjum, stofu, borðstofu, eldhúsi með góðum borðkróki, baðherbergi með baðkari og sturtuklefa og sér þvottahúsi. Mjög gott aðgengi er að íbúðinni og gengt íbúðinni er bílskúrin.

V. 32,8 m.



Meðalfellsvegur - sumarb.

50,2 fm sumarbústaður ásamt bátaskýli rétt við Meðalfellssvatn í Kjós. Húsið stendur á 1.600 fm gróinni lóð á fallegum stað. Í húsinu er kalt vatn og rafmagn. Töluvert af innbúi fylgir með bústaðnum. Bústaðnum fylgir bátaskýli og bátur við Meðalfellssvatn

V. 11,9 m.



Fálkahöfði - 3ja herb.

Falleg 103,9 fm, 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í 3ja hæða fjölþýli við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús með borðkrók, þvottahús, tvö rúmgóð herbergi, baðherbergi með sturtu og baðkari og sérgeymsla. Frábær staðsetning, stutt í skóla, leikskóla og sund. **Íbúðin er laus til afhendingar strax!**

V. 24,9 m.



Klapparhlíð - 50 ára og eldri

Mjög falleg og rúmgóð 2ja herbergja, 90,9 fm íbúð, á 3ju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Fallegar flísar og askur á gólfum, baðherbergi með sturtuklefa og handklæðaoefni og stórt hjónaherbergi. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu og stórar svalir. **Íbúðin er laus til afhendingar strax.**

V. 27,5 m.



Frábær árangur á Íslandsmeiði

Karatedeild Aftureldingar átti góðu láni að fagna á Íslandsmeistaramóti unglunga í Kumite sem fram fór í Fylkishöllinni þann 19. október síðastliðinn. Kristján Helgi Carrasco varð Íslandsmeistari í kumite í flokki 15 ára og Telma Rut Frímannsdóttir varð Íslandsmeistari í kumite í flokki 16-17 ára. Þá lenti Þórunn Anna Orradóttir í öðru sæti í flokki 14-15 ára. Einstaklega góður árangur hjá þessum frábæru krökkum.



Öflugt þjálfarateymi til liðsins

Guðrún Jóna Kristjánsdóttir hefur verið ráðin þjálfari meistaraflökks kvenna í knattspyrnu. Hún hefur verið aðstoðarþjálfari Helenu Ólafsdóttur hjá KR síðustu ár. Hlynur Áskelsson (Ceres 4) verður henni til halds og trausts. Í ljósi breyttra aðstæðna í efnahagslífi þjóðarinnar hefur verið ákveðið að í stað þess að fjárfesta í leikmönnum fyrir komandi tímabil verði leitast við að fjárfesta í góðum þjálfurum og gera umgjörð leikmanna og þjálfara sem besta. Sjúkraþjálfarar verða þær Erla Ólafsdóttir og Sólveig Þórarinsdóttir, en þær munu halda stelpunum í sem bestu ástandi. Íþrótt- og einkaþjálfari verður Yrja Dögg Kristjánsdóttir en hún starfar hjá Eldingu þar sem stelpurnar munu koma sér í gott form fyrir næstu leiktíð. Það er því mikill metnaður í kvennaboltanum enda spila stelpurnar í efstu deild og eru ungviðinu til fyrirmyndar.



Uppskeruhátíð Aftureldingar var hin glæsilegasta

Íþróttahátíð að Varmá

Á dögnum verðlaunaði Umgmennafélagið Afturelding iðkendur sína fyrir góðan árangur. Mikil íþróttahátíð var haldin þar sem hátt í 200 börn mættu og skemmtu sér vel undir dyggri stjórn eldri iðkenda. Mikil gróska er í starfi félagsins og mátti sjá mörg ung og efnileg börn spreya sig. Í framhaldi af íþróttahátíðinni fór sjálf verðlaunaafhendingin fram.

Alls voru yfir 150 bikarar afhentir á hátíðinni til íþróttafólks 11 ára og eldri og sjálfbóðaliða í félaginu. Telma R. Frímannsdóttir og Poul Clapson eru íþróttakona og -karl Aftureldingar 2008.



Ráðinn hefur verið atvinnuþjálfari frá Úkraínu

Blakíþróttin í sókn

Blakdeild Aftureldingar hefur fengið til liðs við sig atvinnuþjálfara frá Úkraínu. Hann heitir Viktor Boldariev og er 43 ára gamall og hefur þjálfað blak í yfir 20 ár bæði í heimalandi sínu Úkraínu, í Ungverjalandi, Króatíu og nú síðast í Saudi-Arabíu. Viktor kom hingað til lands með fyrsta snjónum og list vel á aðstöðuna að Varmá og er nú þegar byrjaður að þjálfa af krafti og er mjög ánægður að sjá hversu vel krakkarnir taka leiðsögn. Viktor þjálfa alla hóp blakdeilda 10 ára og eldri og er strax farinn að sjá framfarir.

Afturelding sendir bæði kvenna- og karlalíð til leiks í 2. deild Íslands-

mótsins auk þess sem eitt kvennalið leikur í 3. deild.

Eins og sjá má þá er nóg um að vera í blakinu í vetur en blakdeildin byrjaði haustið með því að halda mót fyrir alla flokka sunnudaginn 12. október s.l. Þar kepptu sjö lið á vegum félagsins en alls tóku 27 lið þátt í mótinu. Aftureldingarkrakkarnir stóðu sig öll með mikilli þrýði og mjög gaman var að sjá yngstu krakkana keppa og þau sem byrjuðu núna í haust en öll lentu þau í verðlaunasæti.

Fréttir og æfingartíma blakdeilda má finna á www.afturelding.is

Íþróttamenn og -konur deilda

Blak

Arnór Snær Guðmundsson

Badminton

Sindri Jarlsson
Dagný Ágústsdóttir

Fimleikar

Finnbogi Ernir Ægisson
Birta Jónsdóttir

Frjálssar

Franz Jónas Arnar Arnarson
Emma Theodórsdóttir

Handknattleikur

Daníel Jónsson
Hrefna Jónsdóttir

Karate

Kristján Helgi Carrasco
Telma Rut Frímannsdóttir

Knattspyrna

Paul Clapson
Christa Marie Mann

Sund

Sigurður Örn Ragnarsson

Taekwondo

Gísli Gylfason

Hópbikar

Fimleikadeild (P-2)

Starfsbikar

Knattspyrnudeild

Vinnuþjarkur

Eva Magnúsdóttir og
Anna Margrét Arnardóttir




Aðalstjórn stofnuð í knattspyrnunni

Engan bilbug er að finna á starfi knattspyrnudeilda þrátt fyrir efnahagsástandið. Undanfarið hefur starfsemi knattspyrnudeilda verið skipt í þrjár aðskildar einingar með aðskildar stjórnir, starfsemi og fjárhag. Þessar einingar eru barna- og unglingaráð, meistaraflakur karla og meistaraflakur kvenna. Í kjölfar aukinna umsvifa hefur nú verið ákveðið að koma á fót sérstakri fimm manna aðalstjórn sem hugsuð er til hagræðis og stuðnings við hið hefðbundna starf eininganna. Pétur Magnússon verður formaður hinnar nýju stjórnar og Magnús Már Einarsson verður fulltrúi iðkenda. Hver eining tilnefnir svo sinn fulltrúa í stjórnina



Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.
Guðríðarstíg 6-8
113 Reykjavík



JAKO
símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is

Handverkstæðið Ásgarður smíðar dýr í Kvosinni

Framleiða námsefni fyrir Krikaskóla

Starfsmenn á Ásgarði, handverkstæði, komu nýverið færandi hendi í Krika-skóla og afhentu fjölda handgerðra dýra og fólks sem þeir höfðu smíðað eftir pöntun skólans. Ásgarður er handverkstæði fyrir fólk með þroskahömlun og er til húsa í Álafossvos.

Ágústa Óladóttir, sviðsstjóri í Krika-skóla, segir að dýrin og fólkið hafi verið smíðað til þess að ganga saman við svokallaða einingakubba sem notaðir eru sem námsefni í skólanum. „Okkur fannst tilvalið að fá nágranna okkar á Ásgarði til að smíða dýrin og fólkið fyrir okkur og erum við mjög ánægð með útkomuna,“ segir hún.

Einingakubbornir þykja eitt besta námsefni sem hægt er að fá fyrir yngri börn. „Þeir örva alla þroskætti og eru opin og skapandi efniviður,“ segir Ágústa.

Starfsmenn á Ásgarði voru að vonum ánægðir með afraksturinn þegar þeir sáu hrifningu nemenda í Krikaskóla með dýrin og fólkið. Að sögn Ágústu hafa aðrir skólar þegar sýntverkefninu áhuga og er jafnvel von til þess að Ásgarður fari að framleiða fyrir fleiri skóla og leikskóla áður en langt um líður.



Súper verð á súper fóðri.

Proformance hágæða hundafóður, 4 tegundir fáanlegar í 23.kg sekk á kr. 8900 eða AÐEINS ca 390 kr pr kg.

Jafnframt í boði umpakkað í 1.5 kg pokum á 550 kr. kg



Bílagrindur og járnbur á góðu verði!



Hundaheimur

Ekki sækja vatnið yfir lækinn, verslum í heimabyggð.

Háholti 13-15 270 Mosfellshúsi / Sí: 551-3040 / www.hundaheimur.is
(Í sama húsi og Krónan)

Ýmis önnur tilboð í verslun okkar.

ARISTÓ 5 ára

Háholti 14 hárstofa

TIGI

Þjóðum ykkur
10-50% afslátt af
öllum vörum dagana
24. okt - 1. nóv.



Afmæliskveðja frá: Írisi, Hrefnu, Guðrúnu, Jónheiði, Ingu Lilju og Báru

Styttist í jólin
Munið að panta, s. 566 8989

SEBASTIAN

BED
HEAD
TIGI

SP
System
Profess ona

Frábæru
Tigi hárvörurnar
eru komnar
á Aristó

Stöndum saman Mosfellingar

Við lifum nú mikla um-brotatíma í íslensku samfélagi. Efnahagslegt fátíðir ríður yfir og hlutir sem við höldum að gætu aldrei gerst hafa gerst. Á þessum tímum er mikilvægt að við hugum einstaklega vel hvort að öðru og leggjum okkur fram um að smita hvert annað af jákvæðni, bjartsýni og æðruleysi eins og okkur er frekast unnt.

Það liggur ljóst fyrir að sá ólgusjórn sem við siglum nú í gegn um mun hafa áhrif á okkur öll, en sum okkar standa ver að vígi en aðrir. Því er mikilvægt að allir leggist á eitt til þess að styðja náungann og réttum hvort öðru hjálparhönd.

Rágjafartorg opnað

Strax daginn eftir að lög voru sett af Alþingi til að bregðast við neyðarástandi á fjármálamörkuðum var hafist handa hjá Mosfellsbæ við að bregðast við því ástandi sem upp er komið. Ákveðið var að setja á stofn sérstakan samstarfshóp sveitarfélagsins, kirkju, Rauða krossins, heilsugæslu og félagasamtaka.

Samstarfshópnum er ætlað að mynda samráðsnettvang aðila í bæjarfélaginu, samhæfa þjónustu og



miðla upplýsingum til íbúa um þá aðstoð og ráðgjöf sem þeim stendur til boða frá bæjarfélaginu og öðrum aðilum.

Í framhaldinu hefur verið opnað ráðgjafartorg á vef Mosfellsbæjar, á slóðinni: www.mos.is/radgjafartorg.

Markmiðið með ráðgjafartorginu er að samræma þjónustu og auðvelda aðgang að henni og ráðgjöf á vegum aðila í Mosfellsbæ. Þarna er hægt á einum stað að nálgast upplýsingar sem nýtast þeim sem eru í erfiðleikum vegna ástandsins í þjóðfélaginu, hvort sem það er afandlegum, félagslegum eða fjárhagslegum toga.

Þá mun starfsfólk þjónustuværs Mosfellsbæjar leggja sig fram sem endranær, við að aðstoða alla þá sem til þeirra leita vegna erfiðleikanna sem nú dýnja yfir.

Við byggjum á sterkum grunni.

Eitt af því sem okkur varð strax ljóst, þegar ósköpin dundu yfir, var að fara þurfti yfir fjármál bæjarins að nýju. Ljóst er að þær forsendur sem unnið hefur verið eftir í fjárhagsáætlunargerðinni sem nú stendur yfir eru brotnar. Tekjur sveitarfélagsins munu minnka, hægja mun á fjöl-

un íbúa, fjármögnun verður erfið og verðlagsþróun er óviss.

Nú ríður einstaklega mikið á að stöðir grunnþjónustunnar sem sveitarfélagið sinnir séu styrkar. Mosfellsbær býr að því nú að hafa á undanförunum árum verið að skjóta styrkum stöðum undir fjárhagslega stöðu sína. Mosfellsbær hefur ekki tekið lán síðan árið 2004 og hefur unnið jafnt og þétt að því að greiða þau niður og erlendar skuldir eru lítill hluti skuldafarsins.

Annað sem skiptir máli í því ástandi sem nú ríkir er að sveitarfélagið hefur takmarkað áhættu sína í lóðamálum. Sveitarfélagið hefur ekki staðið í áhættusömum uppkaupum á byggingarlandi en hefur í staðinn gert samninga við landeigendur um uppbygginguna.

Þrátt fyrir það að Mosfellsbær standi á margan hátt vel að vígi til að takast á við það ástand sem nú ríkir er ljóst að ekki verður komist í gegnum þetta án þess að taka erfiðar ákvarðanir við komandi fjárhagsáætlun en Mosfellingar munu án efa sína því skilning nú.

Ekki stendur til að hækka gjaldskrár um sinn þrátt fyrir meiri verð-

bólgu og kostnaðarauka sveitarfélagsins og við munum saman standa vörð um þá þjónustu sem íbúar eiga að venjast.

Gildi Mosfellsbæjar

Sjaldan hefur verið jafn mikil þörf á og nú að við tileinkum okkur þau gildi sem Mosfellsbær stendur fyrir: Virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja.

• Við berum virðingu fyrir tilfinningum og aðstæðum hvors annars.

• Við reynum að tileinka okkur jákvæðni í samskiptum hvort við annað.

• Við trúum því að við munum sækja fram að nýju.

• Við sýnum hvort öðru umhyggju.

Mosfellsbær mun leggja sig eftir á komandi tímum að styðja við íbúa og starfsmenn í samræmi við umsvif og getu sveitarfélagsins. Saman munum við halda uppi áframhaldandi góðri þjónustu við íbúana en ekki síður minna hvert annað á að styðja við bakið hvert á öðru.

Haraldur Sverrisson
bæjarstjóri



Yndi frá Miðdal hlaut skjöldinn

Hrútasýning fjárræktarfélagsins í Kjós var haldin á dögunum. Jafnframt fóru fram ómmælingar á gimbrum. Greinilegar framfarir voru mælanlegar hjá þeim bændum, sem hafa skipulega valið ásetningsgimbrar með aðstoð niðurstaðna á ómmælingum á þykkt bakvöðva. Við röðun lambhrúta raðaðist hrútur frá Morastöðum í efsta sætið með 85 stig og svo tvö lömb frá Kiðafelli, Kópaskeri og Þorláksstöðum.

Í flokki veturgamalla hrúta reyndist hrúturinn Yndi frá Miðdal hlutskarpastur með 85 stig. Er hann í eigu Guðmundar og Svanborgar í Miðdal, undan heimahrútnum Hamri.

Munar einhvern um 300.000 kr. á ári?

Þann 9. október fór hópur fólks á fund bæjarstjóra til þess að afhenda honum undirskriftarlista óánægðra foreldra í Mosfellsbæ. Þar var skorað á bæjarstjórnina að endurskoða ýmislegt sem við kemur heimgreiðslum sem greiddar eru í Mosfellsbæ.

Heimgreiðslur eru greiðslur til foreldra barna á aldrinum eins til tveggja ára óháð vali á dagvistun barns og getur fólk því ráðið því sjálft hvernig það ráðstafar fjárhæðinni frá sveitarfélaginu. Sum sveitarfélög greiða hinsvegar einungis með börnunum sem fara til dagforeldra. Mosfellsbær hefur greitt heimgreiðslur í rúmt ár og hefur það gefist að mörgu leyti vel. En betur má ef duga skal.

Þegar börnar eru saman heimgreiðslur milli sveitarfélaga kemur í ljós að Mosfellsbær greiðir lægstu upphæð allra sveitarfélaga og er munurinn töluverður. Kópavogur greiðir t.a.m. 10.000 kr. hærri upphæð á mánuði og verður það að teljast mikill munur þar sem Mosfellsbær greiðir einungis 25.000 kr. á mánuði. Foreldrar sem kjósa að fara með börn sín til dagforeldra í Mosfellsbæ geta hinsvegar átt von á að fá allt að 25.000 kr. lægri greiðslu á mánuði frá sínu sveitarfélagi heldur en t.d. á Álftanesi.

Einnig er vert að benda á að Mos-



fellbær greiðir heimgreiðslur einungis frá eins árs aldri barna en ekki frá lokum fæðingarorlofs líkt og öll önnur sveitarfélög gera. Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar segir ástæðuna vera að það liggi fyrir frumvarp á Alþingi um lengingu fæðingarorlofs á Íslandi í eitt ár. Það liggur hinsvegar í augum uppi að ekki væri flókið mál að láta heimgreiðslurnar taka gildi við lok fæðingarorlofs og ef að þetta frumvarp verður einhvern tímann að lögum þá myndu heimgreiðslurnar að sjálf-sögðu breytast í samræmi við þau.

Bæjarstjórnin var bjartsýnn á fundinum og tók vel í tillögur okkar. Hann talaði einnig um þær þrengingar sem ættu sér stað í efnahagslífinu og snertu auðvitað sveitarfélagin eins og aðra.

En á hverjum mæðir mest þegar harðnar á dalnum? Getur ekki

einmitt verið að róðurinn sé einna þyngstur hjá barnafólki? Er þetta ekki fólk sem er að reyna að koma sér í gegnum skóla, koma sér þaki yfir höfuðið auk þess að fæða börn sín og klæða?

Ímyndið ykkur þar á þrítugsaldri með átta mánaða gamalt barn sem hafði leigt sér íbúð á meðan og safnað var fyrir útborgun á eigin húsnæði. Val þeirra stendur á milli tveggja sveitarfélaga og er annað þeirra Mosfellsbær en hitt Álftanes. Þaríð hefur heyrt af því að Mosfellsbær sé barnvænn bær en þegar það kemst að því að munurinn á niðurgreiðslum þessara sveitarfélaga sé 300.000 kr á ári, hvert haldið þið þá að þau flyti?

Jóna Björg Ólafsdóttir
og Guðbjörn Einarsson

Undirbúðu bragðlaukana

opnum í gamla bakariinu



Kraftur og bjarstýni í fólki framtíðarinnar

Skólinn er byrjaður af krafti og mikið um að vera hjá nemendum. Nemendur verða sér þó meira og meira meðvitaðir um að ekki er allt í lagi vegna hörmunganna í efnahagsmálum þjóðarinnar. Margir hafa áhyggjur. Oftast eru þessar áhyggjur bundnar við daglega hluti en nú líka þá neikvæðu umræðu af öllu því sem er að gerast í kringum okkur. Flestir eru sammála um að ágætt er að upplýsa unglinga um hvernig ástandið er orðið, en þó með því markmiði að segja hlutina þannig að ekki skapist ótti.

Eitt er að upplýsa börn um neikvæða hluti annað er að nærast á hinu neikvæða. Þegar við lítum í kringum okkur er fullt af góðum hlutum að gerast. Skólarnir bjóða upp á margt skemmtilegt og gagnlegt fyrir utan hefðbundið nám. Hægt er að nota stöðkerfi skólanna og ráðgjöf, en innan skólanna leynast margir góðir sérfræðingar sem hægt er að leita til.

Varmárskóli hefur byrjað vel í vetur, af krafti og metnaði. Nemendur eru margir og ólíkir eins og vera ber. Þessi stóri hópur er fólk framtíðar-



innar og alltaf tilbúinn til að takast á við hin ýmsu og ögrandi verkefni. Það má segja með sannni að hjarta Mosfellsbæjar eru skólarnir því innan veggja skólans geymist það dýrmætasta sem við eigum.

Vinnuvika nemenda getur verið ansi mikil og erfið, oft er þetta einstaklingsbundið en ef nemandi stundar nám sitt eðlilega þá er vinnuvikan ansi löng og lengist ef nemandinn er í íþróttum, tónlist og jafnvel vinnur með skólanum. Það er því ekki að furða að unglingurinn sýni þreytumerki!

Í Varmárskóla gerum við okkur dagamun og höldum til dæmis flotta föstudaga. Þann 24. október verðum við með gulan dag; gula hanska, sólgleraugu og bros. Nemendur leika tónlist, syngja eða sýna leikræna tilburði. Skemmtilegt verður þá að upplifa þann kraft og þá sköpun sem ungt fólk býr svo ríkulega yfir.

Verum virk í að byggja upp góðan bæ, góður árangur er ekki háður tilviljun.

Óðinn Pétur Vigfússon
Deildarstjóri Varmárskóla.

Umhverfis- og náttúru- fræðifélag Mosfellsbæjar

Nú er vetrarstarfið að hefjast. Í samvinnu við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar verður haldinn fyrirlestur 11. nóvember n.k. um ferð til Kamtsjatka í Síberíu. Formaður UNM leiðir þennan fyrirlestur en þangað fóru nokkrir Mosfellingar í ferð á vegum Skógræktarfélags Íslands.

Náttúra og mannlíf þarna austast í Síberíu er mjög athyglisvert en við fórum nokkuð víða um og vorum yfirleitt heppin með veður. Kamtsjatka-skaginn er nær fjórfalt stærri en Ísland og íbúaföldi er um 350.000 eða nokkru fleiri en Íslendingar. Á Kamtsjatka er fjöldi eldfjalla, vellandi hverir og sérstæður gróður.

Allir eru velkomnir. Enginn aðgangseyrir. Fundarstaður: Listasalur Mosfellsbæjar, bókasafni og hefst stundvíslega kl. 18. Áætlað er að fundi ljúki um 19.30.

Félagsstarfið eftir áramót

Fljótlega eftir áramót mun Ingvar Birgir Friðleifsson, jarðfræðingur og skólastjóri Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, koma til okkar og flytja fyrirlestur um jarðsögu Esjunnar. Hann kannaði jarðfræði Esju ítarlega en



doktorsritgerð hans fjallar um þetta merka fjall. Ingvar Birgir er einn langbesti fyrirlesari sem við höfum tækifæri til að hlýða á. Starf hans hefur töluvert tengst jarðfræði Mosfellsbæjar, einkum jarðhitunum og nýtingu hans.

Síðar í vetur mun að öllum líkindum Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur halda fyrirlestur á vegum félagsins.

Fuglaskoðunarhús við Leirvog

Við sunnanverðan Leirvog hjá Langatanga hefur verið reist hús þar sem verður góð aðstaða til fuglaskoðunar. Þar verður unnt að fylgjast með fuglum en fuglalíf á leirunum er mjög áhugavert vegna mikils fjölda tegunda og einstaklinga. Þessi aðstaða til fuglaskoðunar í Mosfellsbæ mun verða mjög góð og verður öllu áhugafólki um fugla sem og skólaklassum nemendum kærkomið. Fuglahúsið verður tekið í notkun að vori.

Vinsamlegast fylgist vel með auglýsingum þegar nær dregur.

Guðjón Jensson
formaður



...að búið sé að reisa næst stærstu kókdós landsins fyrir utan Pizzabakaríð í Urðarholtinu.

...að Birgir skólastjóri sé kominn á Facebook.

...að Sólveig ritari í Lágafellsskóla hafi orðið fimmtug á dögnum.

...að Aþena og Maggi eigi von á sínu öðru barni.

...að Herbert hafi næstum því parað 18. holi

...Októ og co séu að fara flytja bílasöluna frá Höfða á Nóatúnsplaníð í Mosó. 100 bílar, Ísband og Mosfellingarnir Októ, Síggi Valli og Kiddi mæta því í Nóatúnið heima á næstu mánuðum.

...að aðeins sé búið að skila einni íbúðalóð aftur til Mosfellsbæjar.

...að Jóna Björg og Kristján hafi eignast litla stepu.

...að Gísli í Dalsgarði hafi komið færandi hendi í útibú bankanna þegar mesti skellurinn reið yfir. Höfðinginn mætti með rósir undir annarri og peppaði upp mannskapinn.

...að handboltakempan Bjarki Sig sé farinn að þjálfa hjá Víkingi.

...að nú sé boðið upp á vaxtalaus lán í tvö ár fyrir hugsanlega lóðakaupendur í Helgafellshverfi.

...að söngvari Mercedes Club, Ceres 4, sé orðinn aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna í fótbolta.

...að Mosfellsbakarí sé komið með útibú í versluninni Ilvu á Korputorgi.

...að Korputorg gangi undir nafninu Krepputorg

...að hætt hafi verið við að opna pizzastaðinn sem ætlaði að opna í gamla Leikbæ.

...að Játí sé að verða pabbi.

...að Víðir og Karen hafi eignast stelpu.

...að búið sé að stofna pókerklúbbinn MPT (Mosó Poker Tour).

...að hljómsveitin 66 verði á Draumakaffi 1. nóvember

...að stórsöngvarinn Þorri sé fluttur inn til Ásgeirs Páls í Salzburg.

mosfellingur@mosfellingur.is



Réttar-myndir

Nýlega voru árlegar stóðréttir haldnar á Reykjum. Réttirnar eru haldnar að hausti til í minningu Ragnars Björnssonar. Riðið var frá Reykjum, upp Reykjafell og hrossunum smalað til byggða. Eins og sést á þessum myndum var góður andi með í för eins og endranær og allir kátir og glaðir.



Ingibjörg Guðmundsdóttir og Erla Kristinsdóttir fara fetið.



Kátir karlar. Gunnar, Sigvaldi, Jón Magnús, Sigurfinnur og Haukur.



Alli ásamt syni sínum og blindrahundinum



Kristín Davíðs, Helgi á Ökrum og Sígga Johnsen voru létt í bragði.



Rétta nefndin. Guðmundur, Jón Davíð, Ragnar Ingi, Björn Ingi, Ásta Margrét, Jóhann Óskar og Jón Magnús.



Góð uppskera og búbot í Arnartanga

Mosfellingur fékk sendar þessar skemmtilegu myndir af kartöflum sem allar komu undan einu grasi. Samtals komu 2,5 kg undan þessu grasi og vó þyngsta kartaflan 545 grömm. Ennfemur voru rófur og gulrætur teknar upp í þessum sama bakgarði í Arnartanganum um síðustu helgi. Þyngsta rófan var 2,6 kg og þyngsta gulrótin 200 grömm.



Í eldhúsinu



Laxaréttur

HJÁ HELENU

Helena Kristinsdóttir sölustjóri gefur okkur uppskrift að þessu sinni sem hentar vel fyrir fjóra. Með réttinum er gott að bera fram soðin hrísgrjón með furuhnetum og klipptu kóriander, og salat gert úr mango, papriku, tómötum, lambasalati og klettsalati. Þeytið safu úr límónunni saman við ólífuolíu ca 2 msk af hvoru ásamt smá Maldon salti og hellið yfir salatið.

Þetta er yndisleg máltíð og fyrir þá sem njóta þess að drekka góð vín

er gott að skola laxinum niður með Lindemans Cawarra hvítvíni.

- 1 stórt og fallegt laxaflak
- 2 sítrónur
- Gott paprikuduft
- 1 krukka Sweet Mango Chutney
- Góður slatti af pistasíum
- Hrísgrjón
- Furuhnetur
- Ferskur koriander
- Klettsalat
- Lambasalat
- Tómatar
- Vel þroskaður mango



Gul paprika
Límóna

Leggið flakið á roðið á tvöfaldan ál-pappír og kreistið sítrónuna yfir. Þekið flakið með paprikuduftinu og setjið svo allt chutneyið yfir. Að lokum skal gróflega mylja hneturnar yfir og búa til eins konar loftþéttan poka úr ál-pappírnum. Grilla eða setja í ofn á 200° í 20 mín.





10 ÁRA AFMÆLI

LAUGARDAGSKVÖLD

25. OKTÓBER

Draumakaffi - Háholti 14 - 586 8040



Þér er boðið í afmæli



Happy Hour kl. 23-24
Dúettinn Hljómur kl. 24-03



**BOLTINN
Í BEINNI**

Laugardagur
Sunnudagur

kl. 10:45 Everton - Man.Utd.
kl. 13:00 Chelsea - Liverpool



Hrói Höttur
Þverholti 2, Kjarna

ISS PISS OG KREPPAN

Iss piss... Þessa kreppa er ekki neitt, sko! Ég hlæ að þessari kreppu. HA HA, þar hafið þið það!

Ég vil byrja á því að klappa fyrir öllum þeim sem hafa keypt hundruði lítra af bensíni vegna þess að einhver gúbbi úti í bæ sagði að það yrði bensín þurrð á Íslandi innan skamms. Því næst vil ég klappa fyrir þeim sem hafa fyllt alla skápa á heimilinu af niðursuðudósum vegna „yfirvofandi vöruskorts“. Túnfiskur, Ora grænar, Ora gular, ananas og ávextir. Ég vil klappa fyrir níræðu kerlingunni sem tapaði 15 af 30 milljónum sem hún átti inni á bankabók. HALLÓ, hvað hefur maður að gera við böns af smakkarúnis inná banka-bók þegar maður er níræður? Af hverju er maður ekki löngu búinn að eyða þessu? Ég ætla að klappa fyrir þeim sem keyptu hlutabréf fyrir fimm milljónir, sem rauk svo upp í fimmtíu milljónir, sem fór svo aftur niður í eina milljón. Og höfðu þá tapað 49 milljónum en ekki fjórum. Síðast en ekki síst vil ég klappa fyrir öllum þeim sem sitja heima hjá sér í þunglyndiskasti yfir því að allt sé að fara til fjandans og Ísland sé að fara á hausinn.

Án gríns þá er þessi kreppa það besta sem hefur komið fyrir okkur. Við höfum gott af þessu. Bremsa aðeins niður kaupæðið og græðgina sem hefur einkennt þjóðina þessi góðu ár. Það mun enginn deyja úr hungri. Hvað með það þó að við þurfum að lifa á slátri og hafragraut í einhvern tíma?

En eins og ég segi, þá eru þessir hlutir sem við höfum bara veraldlegir. Þeningarnir eru bara tölur á blaði, í tölvu eða á bréfsnifi og þegar allt kemur til alls skiptir það engu máli. Kreppan fer með okkur eins og við leyfum henni. Þeir sem taka ástandinu með bros á vör eru miklu ríkari en milljónamæringarnir sem sitja allan daginn þungsefittir, með skeifu yfir ástandinu.

Ég ætla að enda þennan pistil á því að vitna í litla frænda minn hann Bent:

„Sá sem á ekki skútu, á ekki hest, á ekki hús og á ekki flest, á ekki bót fyrir rassinn á sér, á ekki áhyggjur og á ekki stress“

Prándur

SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Raðhús til leigu

Íbúð til leigu í Furubyggð. Þriggja herbergja 105 fm. raðhús á einni hæð með sér bílastæði og litlum garði. Leiga 150 þús. á mánuði. Upplýsingar í síma 860-4717.

Hundapössun

Hæ, ég er 14 ára áráðanleg stelpa sem tekur að sér að viðra hunda gegn vægri greiðslu. Ég get einnig farið með hundana heim eftir túrinn og fóðrað þá ef eigendur eru ekki heima. Áhugasamir vinsamlegast hafi samband í síma 659-8551 eða mollymagnada@hotmail.com

Íbúð til leigu

Glæsileg 89 fm íbúð í Tröllateig 49 til leigu. Laus fljótlega. Verð 130.000 þús + 5 þús hiti/rafmagn. Ný íbúð og frábær staðsetning. Upplýs. í síma 899 0769 Nonni og 899 0768 Stina.

Kokkur óskast

Kokkur óskast í spennandi og metnaðarfullt verkefni. Uppl. í síma 6628601.

Áslákur

Opnunartími

MÁN-FIM: KL. 17-00

FÖS-SUN: KL. 13-00

ÞORRABLÓT

AFTURELDINGAR



TAKIÐ DAGINN FRÁ
24. JANÚAR 2009

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



B. Markan ehf.
Pípulagnir

☎ 660 6690



BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

• NÝJRI HLUTIR
• VIFTUREIMAR
• BREMSUKLOSSAR

• TÍMAREIMAR
• SMURGIUR
• PERUR

• KERTI
• HREINGEFNI
• OLJUR



GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Hertalíle ráðgjafi í Mostellstæ
Sími: 889 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS



S. 55 44444
Þverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424

FJÁRSJÓÐUR Í FJÖRUNNI

Félagarnir Hlynur Þór og Magnús Secka fóru í fjöruferð með bekkjarfélögum sínum í 2. ÁH úr Varmárrskóla. Í fjörunni var ýmislegt sérkennilegt að sjá eins og myndin gefur til kynna.

Undirbúðu
bragðlaukana
opnum
í gamla bakaríinu

ELD HÚSIÐ
Pizzabakarí

10 ÁRA AFMÆLI



LAU. 25. OKT.

- » Hljómur kl. 24-03
- » Þér er boðið
- » Aðgangur ókeypis
- » Aldurstakmark 20+



Þjómsta við
Mosfellinga í 19 ár

Litlikrika

Raðhús á einni hæð Fjögur raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð á frábærum stað efst við Litlakrika í Mosfellsbæ. Frábært skipulag. Húsin eru 207 fm afhendast langt komin með verönd og innbyggðum bílskúr. Traustur byggingaraðili. **V. 39,5 m.**

Brattahlíð

Til sölu tvö falleg einbýlishús sem eru hvort um sig 228 fm staðsteypt einbýlishús í funkístíl á þessum frábæra stað í Mosfellsbæ. Húsin afhendast fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð en foheld að innan. Gert er ráð fyrir 4 svefnh. **V. 46,9**

Bugðutangi

Fallegt 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rölegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnh og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verönd og fallegur garður. Hagstætt verð.

Brekkutangi m/aukaíbúð

Vel staðsett 288 fm tveggja hæða endaraðhús auk kjallarara með sér íbúð. Góður garður sem snýr í suðvestur. Laust fljótlega. Seljandi getur lánað allt að 85% af kaupverði á góðum vöxtum.

Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús með auka 18 fm. óskráðu risherbergi við Furubyggð í Mosó. Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi. Flottur sólþallur. Hellulagt bílþaplan. Hagstætt 4,15% án án vaxtabreytinga. **V. 41,2 m.**



588 55 30

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

Grétar J. Stephensen
löggiltur
fasteignasali
861-1639



Kvíslartunga

Glæsilegt 278 fm. parhús á tveimur hæðum við Kvíslartungu í Mosfellsbæ. Eignin er fullbúin að utan en foheld að utan. 80 fm. savallir. Glæsileg og nýtskuleg hönnun. Fagurt útsýni til Esjunnar. Mjög hagstætt áhvalandi lífeyrissjóðslán. **V. 47,9**

Laxatunga

Í Leirvogstunguhverfi. Endaraðhús á tveimur hæðum 218,3 fm og innbyggður bílskúr 25,6 fm alls 243,9 fm. húsinu verður skilað fullbúna að utan, lóð grófjöfnuð, og bílastæði steypt. Að innan verður húsinu skilað máluðu og tilbúna til innréttinga.

Prastarhöfði

Mjög glæsileg 115,4 fm. íbúð með sér inngangi og fallegri timburverönd við Prastarhöfða. Íbúðinni fylgir staði í bílageymsluhúsi. Vandaðar innréttingar. Flísar og parket. **V. 33,9 m.**

Laxatunga

Vel byggt og vandað 339,9 fm. einbýli á tveimur hæðum við Laxatungu í Leirvogstunguhverfi í Mosfellsbæ. Húsið afhendist fullbúið að utan en fohelt að inn. Allar nánari upplýsingar gefur Pétur hjá BERG fasteignasölu.